



Svanheiður Lóa Rafnsdóttir yfirlæknir á Brjóstamiðstöð Landspítalans og merki átaksverkefnisins Skrepp í skimun sem hófst í fyrra og sendur enn yfir.

# Brjóstaskimun gengur vel, en mætingin mætti vera betri

Svanheiður Lóa Rafnsdóttir yfirlæknir segir að verið sé að nútímavæða þessa þjónustu fyrir allar konur á Íslandi

■ ■ ■ Þróstur Haraldsson

Nú er kominn október og eins og hefð hefur skapast fyrir þann mánuð er hann bleikur á litinn. Það merkir að nú er athyglinni beint að krabbameinsskimun í brjóstum kvenna hér á landi, hvort sem er íslenskra eða af erlendu bergi brotinna. Þeir sem fylgjast með fréttum vita að brjóstaskimun fluttist ekki alls fyrir löngu frá Krabbameinsfélagi Íslands til Landspítala.

Þar er búið að koma þessari þjónustu fyrir og sú sem þar er yfirlæknir heitir Svanheiður Lóa Rafnsdóttir. Brjóstamiðstöð Landspítala heitir deildin og þar fer fram, auk skimunar, klínísk þjónusta við konur, forvarnir, greining og eftirlit með konum um allt land. Þar fer einnig fram tímabókun en boðun í skimun er á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

## Þurfum að gera betur

Svanheiður segir að starfsemin hafi farið vel af stað. Hinsvegar hafi hlutfallsleg þátttaka íslenskra kvenna lengi verið of lág, eða á bilinu 50-60%. Hún þurfi að vera yfir 70%. Þess vegna sé ánægjulegt að samkvæmt síðustu tölum hafi hún hækkað um 5,6% milli ára. „Við gerum fleiri rannsóknir, það koma fleiri konur í skimun, en við þurfum að gera betur,“ segir hún.

BLEIKUR  
OKTÓBER

Í því skyni var hafið átak í fyrra undir heitinu Skrepp í skimun. „Það gengur út á að gera þessa þjónustu almennt sýnilegri eins og á samfélagsmiðlum og á landsbyggðinni. Við viljum sýna konum að það sé einfalt og fljótlegt að fara í skimun. Svo beinum við sjónum okkar að því hvaða hópa þurfi að hnippa sérstaklega í. Þar eru konur á Suðurnesjum augljóslega tregari en aðrar til að mæta svo þar ætlum við að gera sérstakt átak í haust.

Annar hópur sem við viljum nálgast betur eru konur af erlendum uppruna. Þátttaka þeirra í skimun er einungis 18% meðan hún er 61% hjá íslenskum konum. Nú í október verðum við með opið hús þar sem við fræðum konur um þessa þjónustu og reynum að nálgast þennan hóp.“

## Gervigreind og forbókanir

Brjóstamiðstöðin er í samstarfi við Samhæfingarstöð krabbameinsskimana um ýmsar nýjungar í starfseminni eins og að innleiða forbókun samhliða boðunarbréfum í skimun.

Einnig er gervigreindin að koma sterk inn í ár, þar sem Brjóstamiðstöðin hefur tryggt sér aðgengi að notkun gervigreindar við úrlestur skimunarmynda. „Þetta er ný tækni sem reynist vel við úrlestur skimunarmynda og við

erum í fararbroddi með þetta verkefni. Hugmyndin er að nota gervigreindina samhliða brjóstaskimunarúrlestri röngtenlækna fyrir alla þjóðina. Gangi forþrófanir vel gæti Ísland jafnvel orðið fyrsta land í Evrópu til þess að hagnýta gervigreind á þennan hátt þar sem hún les úr skimunarmyndum fyrir heila þjóð.“ segir Svanheiður.

Brjóstamiðstöðin hefur verið á ferð og flugi, starfsfólk miðstöðvarinnar er nýkomið frá Svíþjóð þar sem Sahlgrenska sjúkrahúsið var heimsótt. „Við stefnum að því að verða systurmiðstöð Sahlgrenska og læra af þeim, þar sem við horfum til evrópskrar vottunar. Við leggjum einnig kapp á að nútímavæða þjónustuna okkar. Hvað varðar aðgengi að brjóstaskimun leggjum við áherslu á þrennt: Í fyrsta lagi að gera þjónustuna sem aðgengilegasta og stefna að því að tímabókanir verði eingöngu á rafrænu formi. Í öðru lagi viljum við innleiða forbókun þannig að konur fái bókaðan tíma um leið og þær eru boðaðar í skimun. Í þriðja lagi viljum við að skimunin verði ókeypis eins og raunin er á Norðurlöndum. Hún kostar núna 6.098 krónur og sumar konur setja það fyrir sig. Þar þarf pólitíska ákvörðun sem okkur hefur enn ekki gengið að fá í gegn. En eru ekki kosningar á næstunni?“ spyr Svanheiður Lóa Rafnsdóttir yfirlæknir kímín á svip.

## Lyflæknaþing í aðsigi í Hörpu

Nú er undirbúningur XXVI. lyflæknaþingsins langt kominn en það verður haldið í Hörpu dagana 22. og 23. nóvember. Lyflæknaþing eru haldin á tveggja ára fresti og að sögn Signýjar Völu Sveinsdóttur formanns Félags íslenskra lyflækna var þingið fyrir tveimur árum sérdeilis vel heppnað. „Þá voru þátttakendur tæplega 300 talsins og við stefnum

að ámóta fjölda þátttakenda núna,“ segir hún og bætir við að mikilvægt sé að skrá þátttöku sína sem fyrst, en skráning er hafin á athygliradstefnur.is

Dagskráin er fjölbreytt en þema þingsins verður *Listin í lyflækni*fræði þar sem frásagnarlækni-fræði eða „narrative medicine“ verður kynnt af erlendum fyrirlæsara, enda aldrei of rík áhersla lögð á

sögu sjúklingsins. Nýjungar í lyflækni-fræði, gervigreind og erfið tilfelli er meðal þess sem verður á dagskrá og svo á ég von á líflegum pallborðsumræðum um framtíð sérnáms íslenskra lækna,“ segir Signý Vala.

Á þinginu verður að vanda veggspjaldakynning á rannsóknum og veitt verðlaun fyrir bestu vísindaágríp.

# Fundur ritstjórna norrænna læknablaða í Helsinki, Finnlandi

■■■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Árlegur fundur ritstjórna norrænu læknablaðanna var að þessu sinni haldinn í Helsinki í september. Fundarstaður var í nýendurgerðu húsnæði finnska læknablaðsins sem er á tveimur efstu hæðunum í háhýsi austan við miðbæinn og í góðu göngufæri þaðan. Athyglisverður fundarsalur læknablaðsins hefur að geyma ótrúleg listaverk eftir Salvador Dali, Picasso, Marc Chagall og fleiri finnska og erlenda listamenn. Myndirnar voru arfur frá ónefndum aðila og fylgdi arfinum að aldrei mætti selja myndirnar. Það var því óneitanlega hátíðlegt að funda í þessum salarkynnum. Ásamt ritstjóra var nýr ritstjórnarfulltrúi blaðsins með í för. Rósa Steinunn fékk hlýlegar móttökur í hóp annarra ritstjórnarfulltrúa og hefur nú fengið sambönd sem nýtast inn í framtíðina.

Finnsskir starfsbræður okkar og systur tóku afar vel á móti okkur. Að loknum þéttum fundardegi var hópnum boðið í

bátsferð og göngu með leiðsögn um eyju fyrir utan Helsinki, Suomenlinna/Sveaborg, þar sem mikil saga úr fyrri yfirráðum bæði Svía og Rússa átti sér stað.

Fundurinn var eins og áður segir afar gefandi. Ritstjórnir skiptust á skoðunum og umræðum um útgáfu blaða sinna í framtíð og fortíð. Afar margt er sameiginlegt með blöðunum en annað ólíkt. Flest blöð virðast vera að huga að gerð nýrrar heimasíðu. Auk fræðigreinanna eru blöðin öll með fasta pistla ásamt fréttum og athyglisvert að heyra hvað hugsunin er lík á milli blaðanna. Gamnan að heyra að Finnar hafa tekið upp fastan pistil, Sérgreinin mín, eftir að þeir heyrðu af honum frá *Læknablaðinu* fyrir ári. Stærð blaðanna er verulega ólík og fjöldi útgefina blaða á hverju ári líka. Öll blöðin eru nú bæði í prenti og á netinu og ekki fyrirhugaðar breytingar á því. Þetta samstarf blaðanna er verulega mikilvægt og gefur tengsl sem nýtast öllum þegar á þarf að halda.



Skrifstofur finnska Læknablaðsins eru á tveimur efstu hæðum í þessu háhýsi steinsnar við miðbæ Helsinki. Mynd/HÁS



Rósa fékk hlýlegar móttökur og ekki var ónýtt að vera í návígi við verk heimsfrægra listamanna. Mynd/HÁS



Pröstur Haraldsson og Rósa Steinunn Sturludóttir. Mynd/MEL

## Breytingar meðal starfsmanna *Læknablaðsins*

Undanfarna mánuði hafa orðið breytingar á starfslíði *Læknablaðsins*. Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir sem áður var blaðamaður *Læknablaðsins* til nokkurra ára, tók að sér starf ritstjórnarfulltrúa blaðsins í 2 mánuði í vor/sumar áður en hún ákvað að hverfa til annarra starfa. *Læknablaðið* þakkar Gunnhildi samstarfið á liðnum árum og óskar henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Pröstur Haraldsson blaðamaður er lesendum *Læknablaðsins* vel kunnur. Auk þess að hafa starfað sem blaðamaður blaðsins á árum áður, hefur hann komið að ritstjórnarfulltúastarfinu og umbroti blaðsins. Á þessu 110 ára útgáfuaufmæli *Læknablaðsins* tók Pröstur að sér að taka saman sögu *Læknablaðsins*, sem hefur verið athyglisvert að lesa í hverju blaði og verður áfram út árið. Auk þessa brást Pröstur skjótt við þegar leitað var til hans í sumar og tók að sér starf ritstjórnarfulltrúa með

stuttum fyrirvara. Þegar nýr ritstjórnarfulltrúi tók til starfa, starfaði Pröstur við hlið hennar og tók einnig að sér viðtöl og fleira fyrir blaðið. *Læknablaðið* þakkar Presti fyrir aðkomu hans að blaðinu og ánægjulegt samstarf á umbrotatíma.

Þann 1. september var Rósa Steinunn Solveigar Sturludóttir ráðin í starf ritstjórnarfulltrúa *Læknablaðsins*, eftir að hafa starfað við hlið Prastar að hluta til í ágúst. Rósa Steinunn er með BA- og MA-próf í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands með sérhæfingu í ritlist. Áður lærði hún leiklist í San Francisco, Bandaríkjunum, þar sem hún bjó í nokkur ár með fjölskyldu sinni og starfaði síðan sem flugfreyja hjá Icelandair í 18 ár áður en hún sneri sér að námi í bókmenntafræði sem hún lauk 2023. *Læknablaðið* býður Rósu Steinunni velkomna til starfa á þessum nýja vettvangi og hlakkar til samstarfsins.

■■■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir